

FUNDARGERÐ HLUTHAFAFUNDAR REGINS HF. 9. SEPTEMBER 2020

Hluthafafundur Regins hf. var haldinn miðvikudaginn 9. september 2020 í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Rímu fundarsal, Austurbakka 2, 101 Reykjavík. Fundurinn hófst klukkan 16:00.

Fundarstörf:

1. Fundarsetning og skipun fundarstjóra og fundarritara:

Fundurinn hófst með því að formaður stjórnar Tómas Kristjánsson setti fundinn. Stungið var upp á Vífill Harðarsyni lögmanni sem fundarstjóra og var tillagan samþykkt. Vífill Harðarson tók við stjórn fundarins. Fundarstjóri lagði til að Dagbjört Erla Einarsdóttir lögmaður yrði kjörin fundarritari. Tillagan var samþykkt.

2. Lögmæti fundarins:

Fundarstjóri greindi frá því að til fundarins hefði verið boðað skv. 16. gr. samþykktu félagsins með birtingu auglýsinga í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 19. ágúst 2020 og heimasíðu Kauphallar og félagsins þann 18. ágúst 2020. Engar athugasemdir voru gerðar við lögmæti fundarins. Fundarstjóri lýsti fundurinn því lögmætan hluthafafund félagsins. Fundarstjóri upplýsti um að mætt væri á aðalfundinn fyrir 72,2% hlutafjár.

3. Dagskrá:

1. Heimild til handa stjórn til hækkunar hlutafjár:

- a) Fyrir fundinum lá tillaga um að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 40.000.000 kr. að nafnverði. Tillagan var svohljóðandi:

„Stjórn Regins hf. leggur til við hluthafafund félagsins að stjórn verði veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins með því að eftirfarandi grein verði bætt við samþykktir félagsins sem 2. mgr. 4. gr.:“

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins í einu lagi eða áföngum um allt að 40.000.000 kr. að nafnverði með áskrift nýrra hluta. Heimildin skal nýtt til að viðhalda eiginfjár- og lausafjárstöðu félagsins í kjölfar arðgreiðslu vegna rekstrarársins 2019. Hluthafar skulu hafa forgang til þess að skrá sig fyrir hinum nýju hlutum. Stjórn félagsins skal ákveða nánar kaupgengi og söluskilmála hlutanna. Engar hömlur skulu vera á viðskiptum með hina nýju hluti og skulu þeir vera í sama flokki og með sömu réttindum og aðrir hlutir í félaginu. Hlutirnir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild þessi skal falla niður þann 10. mars 2021 að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir þann tíma.““

Stjórnarformaður félagsins gerði grein fyrir tillögunni. Einn hluthafi tók til máls og óskaði eftir upplýsingum um skattgreiðslur í tengslum við arðgreiðslu. Stjórnarformaður svaraði fyrirspurninni.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum atkvæðum sem farið var með á fundinum.

Eftir samþykkt framangreindrar tillögu hljóðar 4. gr. samþykkt félagsins þannig:

Hlutfé félagsins er 1.783.152.097 kr.

eittþúsundsjöhundruðáttatíuogþrjármilljónirhundraðfimmtíuogtvöpusundníutíuogsjökrónur.

Hlutir skulu hljóða á nafn.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins í einu lagi eða áföngum um allt að 40.000.000 kr. að nafnverði með áskrift nýrra hluta. Heimildin skal nýtt til að viðhalda eiginfjá- og lausafjárstöðu félagsins í kjölfar arðgreiðslu vegna rekstrarársins 2019. Hluthafar skulu hafa forgang til þess að skrá sig fyrir hinum nýju hlutum. Stjórn félagsins skal ákveða nánar kaupgengi og söluskilmála hlutanna. Engar hömlur skulu vera á viðskiptum með hina nýju hluti og skulu þeir vera í sama flokki og með sömu réttindum og aðrir hlutir í félaginu. Hlutirnir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild þessi skal falla niður þann 10. mars 2021 að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir þann tíma.

2. Önnur mál:

Ekki höfðu borist beiðnir um að önnur mál yrðu tekin á dagskrá fundarins.

4. Lok fundar

Fundurinn fól fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi slitið kl. 16:15

Vífill Harðarson, lögm.

Dagbjört Erla Einarsdóttir, lögm.